

Hafnarfjarðarbær  
Guðrún Guðmundsdóttir  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 11. ágúst 2020  
UST202007-086/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025- Tvöfoldun Reykjanesbrautar**

Vísað er til erindis sveitarfélagsins Hafnarfjarðar 8. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025 vegna tvöfoldunar Reykjanesbrautar.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að breyta legu Reykjanesbrautar og tvöfoldunar hennar frá núverandi gatnamótum Reykjanesbrautar við afleggjara til Krýsuvíkur að mörkum Hafnarfjarðar og sveitarfélagsins Voga.

#### **Hraun**

Umhverfisstofnun bendir á að hraunin, sem breytingartillagan nær til, kallast Hrútagjárdyngja og Kapelluhraun og falla þau undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hraunin í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunavæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka.

## Straumsvík

Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhuguð framkvæmd er að hluta innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá og nefnist Straumsvík og er númer 112 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst á eftirfarandi hátt: „*Fjörur, stendur svo og tjarnir með fersku og ísöltu vatni við innanverða Straumsvík, frá Urtartjörn vestan Straums suður fyrir Þorbjarnarstaði að athafnasvæði Ísal.*“ Náttúruverndargildi svæðisins eru tjarnir með einstæðum lífsskilyrðum og allmiklu fuglalífi.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fjallað sé um svæðið í tillögunni, fram komi áhrif tillögunnar á ásýnd svæðisins og hvort tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur